

Mánudaginn 2. mars 1987.

Nr. 41/1987. **Friðrik Jörgensen**
 gegn
Árna Vilhjálmsyni og
Helga V. Jónssyni hrl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Friðrik Jörgensen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. mars 1987.

Nr. 216/1986. **Ákærvaldið**
 (Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
 gegn
Gunnlaugi Jóhanni Friðgeirssyni
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Ávana- og fikniefni. Eignarupptaka. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 12. júní 1986 skotið til Hæstaréttar samkvæmt 1. mgr. 1. tl. 175. gr. laga nr. 74/1974 og er dóminum af hálfu ákærvalds áfrýjað til þyngingar.

Sannað er að ákærði framdi brot þau sem hann er saksóttur fyrir, en brot það sem lýst er í III. ákærulið framdi hann að kvöldi

fimmtudagsins 23. maí 1983 en ekki föstudagsins 24. maí, svo sem mishermt er í ákæru.

Brot þau sem um ræðir í ákæruliðum I og II varða við þau ákvæði sem í ákæru greinir, þó svo að ákvæði 2. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 koma nú í stað samsvarandi ákvæða í reglugerð nr. 390/1974. Brot það sem í III. lið greinir varðar við 27. gr. sbr. 81. gr. og 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. lög nr. 54/1976.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og af fyrra brotaferli ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði en frá refsingu dragist 9 daga gæsluvarðhald ákærða.

Í ákæru er krafa gerð um sviptingu ökuleyfis, en ákærði er eigi sakaður um brot sem varði slíkri sviptingu, auk þess sem ákærði hefur áður verið sviptur ökuleyfi ævilangt.

Upptaka verður í þessu máli einungis dæmd að því marki sem krafist er í ákæru, þ.e. á 1018 skömmtum af lýsergiði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Þá ber að dæma kærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem greint er í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Jóhann Friðgeirsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Gæsluvarðhald ákærða í 9 daga komi refsingu til frádráttar.

Upptækir skulu vera 1018 skammtar af lýsergiði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 14. apríl 1986.

Ár 1986, mánudaginn 14. apríl, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var í húsakynnum dómsins af Guðmundi Benediktssyni fr. kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 404/1986: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi Jóhanni Friðgeirssyni.

Málið, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað af hálfu ríkissaksóknara með ákæru útgefinni 30. desember 1985 á hendur Gunnlaugi Jóhanni Friðgeirssyni, fæddum 20. nóvember 1956, fyrir eftirgreind brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum:

„I.

Um mánaðamót mars/apríl 1985 keypt 1600 skammta af LSD (pappírsmíða með lýsergíði) í Amsterdam og sent efnið hingað til lands í bréfapósti í því skyni að selja það. Ráðstafað óvissum hluta efnisins hér á landi og haft hluta þess í vörslum sínum svo sem hér greinir: 2 skammta sem fundust á ákærða við handtöku 17. apríl 1985 við Barónsstíg í Reykjavík, 760 skammta sem fundust við hútleit aðfaranótt 18. apríl 1985 að þáverandi heimili ákærða að Hverfisgötu 73, Reykjavík, og 156 skammta sem ákærði vísaði lögreglu á að Dunhaga 17 í Reykjavík þann 31. júlí 1985.“

Í ákæruskjali er þessi háttsemi ákærða talin varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974.

„II.

Á tímabilinu frá febrúar fram í maí 1985 selt Jóni Steinari Jónssyni og Lindu Guðrúnu Lorange, Laugarásvegi 13, Reykjavík, samtals um 10 g af amfetamíni.“

Í ákæruskjali er þessi háttsemi ákærða talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

„III.

Föstudagskvöldið 24. maí 1985 ekið bifreiðinni R-43941 um götur í Reykjavík sviptur ökuréttindum ævilangt, en lögreglan hafði afskipti af ákærða við Laugarásveg.“

Í ákæruskjali er þessi háttsemi talin varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 1018 skömtum af LSD samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Verjandi gerir þær dómkröfur að ákærði hljóti sem vægustu refsingu og að gæsluvarðhaldsvist hans undir rannsókn málsins komi til frádráttar væntanlegri fangelsisrefsingu. Þá krefst hann málsvarnarlauna sér til handa að mati réttarins.

- Ákærði, sem er sakhæfur, hefur sætt eftirtöldum refsingum.
- 1972 28/6 í Kópavogi. Sátt: 400 kr. sekt fyrir brot g. 38. gr. umfl.
- 1972 24/11 í Kópavogi. Sátt: 2000 kr. sekt fyrir brot g. 48., 18., 38. og 49. gr. umfl.
- 1973 6/12 í Kópavogi. Sátt: 1500 kr. sekt fyrir brot á 1. og 2. mgr. 11. gr. og 1. mgr., sbr. 8. mgr. 27. gr. umfl.
- 1975 í Reykjavík. Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skil-orðsbundið í 2 ár frá 1.8. 1973.
- 1977 1/8 í Kópavogi. Sátt: 25.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 1.8. 1977.
- 1978 27/2 í Kópavogi. Sátt: 18.500 kr. sekt fyrir brot á 27. og 38. gr. umfl.
- 1978 12/9 í Keflavík. Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hgl. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár.
- 1980 19/6 í Reykjavík. Dómur: Sakfelldur f. brot g. 155. gr. hgl. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár.
- 1981 21/4 í Kópavogi. Dómur: Sýknaður af ákæru f. brot g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl.
- 1982 8/9 í Kópavogi. Sátt: 200 kr. sekt f. brot g. 4. og 5. gr., 2.mgr. 26., 49. og 50. gr. umfl.
- 1983 14/3 í Reykjavík. Ávana- og fíkn. Dómur: 70 daga varðhald og 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. 1. nr. 65, 1974, sbr. 1. nr. 60, 1980, sbr. nú 9. gr. 1. nr. 75, 1982 og 2. sbr. 10. gr. rg. nr. 390, 1974.
- 1983 4/8 í Kópavogi. Dómur: 9.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10/9 1982.
- 1985 13/9 í Reykjavík. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1985 18/10 í Reykjavík. Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1985 12/11 í Reykjavík. Sátt: 9.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl. (hegningarauki).

Málsatvik:

Rannsóknarlögreglumenn í fíkniefnamálum í Reykjavík handtóku ákærða 17.4. 1985 vegna gruns um að hann stæði í fíkniefnaafbrotum, en áður höfðu þeir fylgst með ferðum hans. Við leit á ákærða fundust tveir ætlaðir skammtar af ofskynjunarefninu LSD (lýsergíð), sem hann kvaðst vera eigandi að. Í húsleit, sem fór fram um tveimur tímum síðar að þáverandi heimili ákærða að Hverfisgötu 73, Reykjavík, sem hann heimilaði og var viðstaddur, benti hann á mikið magn af sama efni geymt í kælskáp í íbúðinni. Reyndust skammtarnir vera 760 talsins, sem lagt var hald á auk hinna tveggja sem fundust á ákærða við handtöku. Einnig lagði lögreglan hald á tvær pípur notaðar til hassreykinga.

Í yfirheyrslu kvaðst ákærði hafa farið til Amsterdam í Hollandi í marsmánuði 1985 ásamt Friðgeiri Bjarna Skarphéðinssyni, fæddum 24.7. 1960, og keypt þar 800 skammta af LSD af sér ókunnum manni í veitingahúsi þar í borg á 2 gyllini hvern skammt. Ekki kvað hann nefndan Friðgeir Bjarna hafa vitað um þessi fíkniefnakaup sín og hafi hann yfirleitt verið undir áhrifum áfengis dvalartíma þeirra í Amsterdam, að sögn ákærða.

Ákærði kvaðst eftir kaupin hafa komið fíkniefnunum fyrir í tveimur umslögum, 400 skömmtum í hvort, og póstlagt ytra en stílað á tilbúin nöfn í ákveðnum fjölbýlishúsum hér á landi og sótt þau síðan í þessi fjölbýlishús eftir komu til landsins. Kvaðst hann hafa gefið vinum og kunningjum þá 38 skammta af efninu, sem upp á nefnda 800 skammta vantar, sjálfur neytt hálfan skammt (sic) og ætlað að selja afgang á kr. 500 hvern skammt. Hann gekk laus eftir yfirheyrsluna. Friðgeir Bjarni var ekki yfirheyrður.

Sýni af þessu ætlaða LSD (lýsergíði) var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands og segir í niðurstöðu sem barst 19.7. 1985 að „með tiltækum rannsóknaraðferðum mátti staðfesta að lýsergíði væri í sýninu og magn þess væri 5,1 míkróg/mg“

Ákærði og Friðgeir Bjarni voru handteknir og á þeim leitað við komuna til landsins úr þessari ferð 29.3. 1985 og fundust þá ekki fíkniefni á þeim og þeim sleppt lausum, þar sem grunur um innflutning á fíkniefnum var ekki fyrir hendi eftir leitina.

Ákærði var handtekinn á ný 23.5. 1985 með 0,9 g af ætluðu amfetamíni í sínum fórum, sem lagt var hald á. Sagðist hann þennan dag hafa keypt 4 g af amfetamíni af sér ókunnum manni og endurselt Lindu Guðrúnu Lorange, fæddri 31.1. 1965, og Jóni Steinari Jónssyni, fæddum 14.10. 1963, 3 g af því. Þau báru hvort í sínu lagi hjá lögreglu 19.6. 1985 að hafa samtals af ákærða tímabilið febrúar-maí það ár keypt 10 g af amfetamíni. Ákærði taldi hjá lögreglu 6.8. 1985 að þau Linda Guðrún og Jón Steinar hefðu greint rétt frá efnismagni og sölutímabili.

Amfetamínið, sem lagt var hald á, gaf veika en jákvæða svörum sem amfetamín í prófun hjá lögreglu.

Ákærði viðurkenndi að hafa verið að aka bifreið sinni R-43941 um Reykjavíkurborg skömmu fyrir handtöku og staðfesti það Þórarinn Sæmundsson, fæddur 9.11. 1951, sem var farþegi í bifreiðinni. Hann kvaðst aftur ekki hafa vitað að ákærði geymdi í fórum sínum fíkniefni eða hann hafi verið að selja slík efni.

Ákærði var sviptur ökuréttindum ævilangt frá 10.9. 1982 og hafði ekki öðlast ökuleyfi aftur er hann var handtekinn. Hann ók því bifreiðinni án réttinda til slíks í umrætt sinn.

Enn á ný var ákærði handtekinn og var það 28.7. 1985, vegna gruns um frekari fíkniefnabrot. Í yfirheyrslu viðurkenndi hann þá að hafa samtals

keypt í framangreindri Amsterdamferð 1600 skammta af LSD fyrir 4000 gyllini og að samferðamaður hans, Friðgeir Bjarni Skarphéðinsson, hafi keypt sama magn af efninu og sent á sama hátt til landsins. Sagði hann sinn fyrri framburð hafa verið sannleikanum samkvæmt svo langt sem hann náði og að hann hafi auk nefndra tveggja póstsendinga sent tvö umslög til viðbótar á sama hátt, sem höfðu að geyma 400 skammta af LSD hvort, en að eitt umslagið hafi glatast og hann því fengið samtals 1200 skammta í hendur af efninu. Hann vísaði lögreglu á 256 skammta falið (sic) í kjallara á heimili foreldra hans að Dunhaga 17, Reykjavík, sem var afgangur efnisins að hans sögn. Af þessum 1200 skömmtum hefur lögreglan þá lagt hald á 1018, en það sem á vantar kvaðst ákærði hafa selt og gefið.

Aðspurður kvað ákærði mann að nafni Helgi Pétursson, fæddur 13.7. 1957, hafa lánað sér kr. 90.000,00 gegn því að fá aftur kr. 300.000,00 fljótlega eftir heimkomu. Hafi honum að sögn ákærða verið ljóst í hvaða tilgangi lánið var tekið.

Nefndur Helgi neitaði í fyrstu að hafa lánað ákærða peninga. Í yfirheyrslu seinna sama dag kvað hann það vera rétt að hann hafi lánað ákærða kr. 90.000,00, en ekki sagðist hann hafa vitað um tilgang ákærða með lántökunni. Hann breytti aftur framburði sínum daginn eftir og kvaðst þá hafa afhent ákærða kr. 63.000,00 sem greiðslu fyrir 4 ólöglega innflutt myndbandstæki sem hann kvað ákærða hafa lofað að selja sér en hann ekki fengið. Í samprófun við ákærða hélt Helgi fast við þennan framburð og lauk samprófun án þess að samræmi næðist í framburði þeirra.

Húsleit var framkvæmd að Baldursgötu 10, Reykjavík þann 26.7. 1985, þáverandi heimili Friðgeirs Bjarna Skarphéðinssonar að áður fengnum húsleitarúrskurði uppkveðnum hér í dómi, sem (sic) bjó þar ásamt sambýliskonu sinni Margréti Ernu Hallgrímsson, fæddri 13.10. 1953. Fundust í íbúðinni 1129 skammtar af LSD og ýmsir munir tengdir fíkniefnum sem lagt var hald á.

Friðgeir Bjarni, sem handtekinn var skömmu áður en húsleit fór fram, ber í yfirheyrslu að hafa farið ásamt ákærða til Amsterdam vorið 1985 og þeir þar keypt 1600 skammta af LSD hvor og hann póstsent sinn hluta í fjórum umslögum stíluð á tilbúin nöfn í fjölbýlishúsum og eftir komuna til landsins hafi hann síðan sótt þessi umslög í fjölbýlishúsin, en að eitt umslagið hafi glatast og hann því fengið í hendur 1200 skammta af efninu. Á sama hátt kvað hann ákærða hafa komið efnunum þeim sem hann keypti inn í landið. Kvaðst Friðgeir Bjarni hafa greitt fyrir efnið sem hann keypti um kr. 40.000,00.

Ákærði og Friðgeir Bjarni sættu gæsluvarðhaldi meðan á rannsókn stóð og var ákærði hnepptur í gæsluvarðhald 29.7. 1985 en gekk laus 7.8. 1985.

Niðurstaða.

Sannað þykir með framburðum ákærða, Friðgeirs Bjarna Skarphéðinssonar og haldlögðum fíkniefnum sem og öðrum gögnum málsins, að ákærði

hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæruskjali greinir, þ.e. að hafa um mánaðamót mars/apríl 1985 keypt 1600 skammta af LSD (pappírsmíða með lýsergíði) í Amsterdam og sent efnid hingað til lands í bréfafósti í því skyni að selja það. Ráðstafað óvissum hluta efnisins hér á landi og haft hluta þess í vörslum sínum svo sem hér greinir: 2 skammta, sem fundust á ákærða við handtöku 17. apríl 1985 við Barónsstíg í Reykjavík, 760 skammta, sem fundust við hútleit aðfaranótt 18. apríl 1985 að þáverandi heimili ákærða að Hverfisgötu 73, Reykjavík, og 256 skammta, sem ákærði vísaði lögreglu á að Dunhaga 17 Reykjavík, þann 31. júlí 1985.

Þessi háttsemi telst varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974, sem í ákæru greinir, sökum grófleika brotsins.

Þá telst sannað með framburði ákærða, Jóns Steinars Jónssonar og Lindu Guðrúnar Lorange, að ákærði hafi á tímabilinu frá febrúar fram í maí 1985 selt Jóni Steinari Jónssyni og Lindu Guðrúnu Lorange samtals um 10 g af amfetamíni.

Þessi háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. nú reglugerð nr. 16, 1986, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Þá telst sannað með framburðum ákærða og Þórarins Sæmundssonar, að ákærði hafi ekið bifreið sinni R-43941 fimmtudagskvöldið 23. maí 1985 um götur Reykjavíkur sviptur ökuréttindum ævilangt.

Þessi háttsemi varðar við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. og 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Refsing er tiltekin í einu lagi fyrir ofangreind brot og sem hegningarauki vegna þriggja dómsátta á árinu 1985, 13/9, 18/10 og 12/11 að sektarupphæðum kr. 12.000, 6.000 og 9.000, allra vegna brota á 27. gr. umferðarlaga, sbr. 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Við refsíákvörðun er litið til alls ofangreinds og sérstaklega til þess að ákærði sendi til landsins mikið magn eða eins og fram hefur komið 1600 skammta af hinu stórhættulega ofskynjunarefni LDS, í því skyni aðallega að selja það, sbr. 1. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Einnig er höfð hliðsjón af 6. tl. og niðurlagi greinarinnar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár.

Þá er ákærði jafnframt dæmdur í 25.000,00 króna sekt sem rennur í ríkissjóð, sbr. 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1974, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982, en í sektar stað komi 25 daga fangelsi verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga að til frádráttar

dæmdri fangelsisrefsingu komi sá tími er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í máli þessu eða 9 dagar.

Þá er ákærði sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuréttindi, sbr. 81. gr. laga nr. 40, 1968.

Ákærði er dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 25.000,00 til skipaðs verjanda Kristins Einarssonar hrl. og kr. 25.000,00 í saksóknarlaun er renna í ríkissjóð, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974.

Til upptöku dæmast 1018 skammtar af LSD, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, nú reglugerð nr. 16, 1986.

Einnig dæmast til upptöku með stoð í 5. og 6. mgr. 5. gr. s.l. og 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar 9,9 g af amfetamíni og 2 pípur notaðar til hassreykinga í eigu ákærða, sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Jóhann Friðgeirsson, fæddur 20. nóvember 1956, sæti fangelsi í 5 ár og greiði kr. 25.000,00 í sekt til ríkissjóðs. Refsivist til frádráttar komi 9 daga gæsluvarðhaldsvist hans, en í sektar stað komi 25 daga fangelsi verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Þá er ákærði sviptur rétti ævilangt til að öðlast ökuréttindi.

Upptækt dæmist, 1018 skammtar af LSD, 0,9 g af amfetamíni og 2 hassreykjarpípur, sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 25.000,00 til skipaðs verjanda Kristins Einarssonar hrl. og kr. 25.000,00 í saksóknarlaun, sem renna í ríkissjóð.